

Mál nr. 271/2014
M og
V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar.

Tölva skemmdist þegar vatn helltist yfir hana 2.6.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2014 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 9.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf M dags. 16.9.2014.

Málsatvik.

Forsvarsmaður M var í vinnutengdri heimsókn á heimili vátryggingataka og hafi haft tölvu opna á eldhúsborði heimilisins og 19 ára piltur sonur vátryggingartaka hafi sest við tölvuna án leyfis og sulað vatni úr glasi yfir hana og skemmt tölvuna. M krefst bóta úr ábyrgðarlið fjölskylduverndartryggingar húsráðanda. M segir að ljóst sé að um gáleysi hafi verið að ræða hjá piltinum að setjast án leyfis með fullt glas af vatni við nýja dýra tölvu en piltinum hafi mátt vera ljós hættan af slíku tiltæki. V hafnar bótaskyldu og telur að vátryggður hafi ekki sýnt af sér gáleysislega hegðun þegar hann settist við eldhúsborðið með vatnsglas og ekki sýnt af sér saknæma háttsemi í aðdraganda tjónsins. Þá telur V að skilyrði sakarreglunnar um að tjónið teljist sennilega afleiðing af háttsemi vátryggðs séu ekki fyrir hendi.

Álit.

Sú háttsemi að setjast við eldhúsborð með glas af vatni, jafnvel þó að talva sé opin á borðinu, getur almennt ekki talist gáleysisleg hegðun. Ekki hefur í málinu verið sýnt fram á sök vátryggðs heldur verður það rakið til óhappatilviks. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar vátryggingartaka hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar vátryggingartaka hjá V.

Reykjavík 3.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.